



BORGARRÁÐ 24. júlí 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um göngustíg við Árskóga 1-3 - MSS25070090

Lagt er til að Reykjavíkurborg komi til móts við athugasemdir íbúa fjölbýlishússins Árskóga 1 – 3 vegna lagningar göngustígs við húsið. Framkvæmdir verði stöðvaðar við stíginn á meðan fundað verði með íbúunum og sátta leitað við þá um málið.

Greinargerð:

Íbúar Árskóga 1 – 3 eru ósáttir við staðsetningu göngustígs, sem verið er að leggja rétt fyrir aftan fjölbýlishúsið. Stígurinn liggur rétt við stofuglugga neðstu hæðar og þar er einnig ætlunin að koma fyrir ljósastaurum og steiptum vegg. Tillagan felur í sér að komið verði til móts við athugasemdir íbúanna og fundað með þeim í því skyni að finna lausn á málinu. Mesta óánægja íbúanna snýr að því að austasti hluti göngustígsins er hækkaður vegna tengingar við annan göngustíg, sem liggur mun hærra. Hækkunin hefur þann ókost í för með sér að þessi kafli stígsins (um 20 metrar) liggur mun hærra en gólflötur hússins og íbúða á þessum kafla, sem veldur íbúum þeirra augljósum óþægindum. Æskilegt er að horfið verði frá þessu fyrirkomulagi og hönnun breytt á þann veg að stígurinn fylgi gólffleti hússins eins langt til austurs og kostur er. Austurendi stígsins verði síðan tengdur hinum stígnum með tröppum og rampi, sem liggi upp á hinn stíginn til suðurs. Einnig er æskilegt að náð verði sátt við íbúa um staðsetningu ljósastaura við stíginn og hins steipta veggjar. Byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar samþykkti skipulagsteikningar vegna umræddra lóða 25. júní 2019 með því skilyrði að frágangur á lóðamörkum yrði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Ef slíkt samráð hefur ekki átt sér stað er brýnt að bætt verði úr því.

